

## Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 25. júní 2015 kl. 10:00-12:00 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Benedikt Hjartarson (B&L), Björn Þorsteinsson (HEIM), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Irma Erlingsdóttir (EDDA), Katelin Parsons (DOKT), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Sóveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir.

### Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt einróma.

2. Hugvísindaping 2016: Tillaga um að halda þingið 11. og 12. mars var samþykkt. Engin ákvörðun tekin um hvort það eigi að hafa þema á næsta þingi.

3. Skýrsla um rannsóknastofnanir: ÁE kynnti málið. Ásta Möller skrifaði skýrslu fyrir rektor um stofnanir inna háskólans og er skýrslan nú til kynningar. Stofnanaskipulag Hugvísindasviðs kemur almennt mjög vel út úr skýrslunni og er nefnt sem fyrirmynd á nokkrum stöðum. Hins vegar er fundið að fjölda og fjölgun rannsóknastofna í skólanum almennt, m.a. á Hugvísindasviði. ER sagði frá umfjöllun um skýrsluna í háskólaráði, þar sem Kristín Ingólfssdóttir, rektor, tók sérstaklega fram að litið væri til Hugvísindasviðs sem fyrirmyndar. Í umræðu komu fram efasemdir um að fjöldi stofna væri vandamál og eins var bent á að fullyrðingar um litla starfsemi í einstaka stofnum ætti ekki við rök að styðjast. Eins voru ábendingar um stöðu doktorsnema á sviðunum ræddar. Ákveðið var að senda drög að svari til stjórnar með tölvupósti.

4. Hugrás og Ritið: ÁE kynnti hugmyndir um að efla útgáfu vefrits Hugvísindasviðs, Hugrásar, með aukinni áherslu á gagnrýni. Sviðið mun greiða þóknun fyrir gagnrýni, síðan verður endurhönnuð og vonast er til að hún muni fá aukið vægi og athygli. Átakið er hluti af kynningarstarfi sviðsins. Ritsjórnina þarf að efla og jafnvel tengja á einhvern hátt við Ritið. Einnig þarf að skoða útgáfu Ritsins betur, fyrsta hefti ársins 2015 er nokkrum mánuðum of seint og illa gengur að fá efni í næstu hefti. Þetta getur haft mjög neikvæð áhrif á umsókn um skráningu í gagnagrunn Thomson Reuters (ISI-skráning). ER spurði hvernig væri með Opinn Aðgang að Ritinu. KP velti fyrir sér hvort ritdómar gætu verið metning til eininga hjá doktorsnemunum í 240 eininga doktorsnámi.

5. Vísindanefnd HÍ: IE sagði frá því að Ármann Jakobsson hafi sagt af sér sem formaður vísindanefndar og að Guðbjörg Lilja Rafnsdóttir, af Félagsvísindasviði, væri tekin við.

6. Önnur mál: A) ÁE dreifði minnisblaði (frá Orra Vésteinssyni) um stofnun miðstöðvar í heimsfornleifafræði (sem stofu undir Hugvísindastofnun). Miðstöðin yrði stofnuð í samstarfi við Félagsvísindasvið (smáríki og norðurslóðir), forsetann og hugsanlega fleiri. Hugmyndinni var vel tekið en beðið um nánari skýringar og staðfestingu frá öllum fornleifafræðingum námsbrautarinnar áður en hún væri tekin til efnislegrar meðferðar. B) AH minnti á athöfn á Arnarhóli til að halda upp á kosningarafmæli Vigdísar Finnbogadóttur. C) AA kvaddi stjórn, sem þakkaði henni góð störf. Ragnheiður Kristjánsdóttir mun taka við af henni.

Fundi slitið kl. 12:00